

inn er til að verjast með vopnum, ef á þarf að halda. En sagan sýnir, hversu ágæt bardagahreysti Norðurlandþjóðanna hefir þó reynst þeim ónóg til varnar því sem mest á reið að ekki glataðist. Norðurlandþjóðirnar hefðu getað haft forustu fyrir mannkyninu á rétta framfaraleið. Þarf til þess að skilja það, ekki annað en minnst þess, hvernig á Norðurlöndum hafa orðið ýmis upptök þeirra þekkingar, sem mannkyninu hefir drýgst orðið til framfara. Einnig má minnst þess, að saga hefir hér á Íslandi verið betur rituð en áður hafði gert verið. Aðalorsakarinnar til þess að forystan brást, verður að leita í því, hvernig norrænar þjóðir slitnuðu frá sinni fortíð og týndu hinu forna tungumáli, sem ég hygg, að framfarahæfara sé og meir eflandi andlegan þroska en nokkurt annað hér á jörðu. Norðurlandþjóðirnar megnuðu ekki að verjast ýmsum óhollum útlendum áhrifum. Og þeim varð einungis ónóglega ljóst, hve mjög Íslendingar hefðu getað orðið þeim að liði í þessum efnum. Og verður þó að muna eftir því, að sú tegund manna, sem hugsar hinar nýju hugsanir, og allsstaðar hefir átt mjög erfitt uppdráttar, hefir hvergi síður en á Íslandi átt þess kost, að geta náð þroska og orðið að notum.

Þýðing tungumálsins fyrir andlegan þroska virðist mér jafnvel koma nokkuð fram í því, hversu heimspeki nútímans er þunn og ófullnægjandi, hjá því sem þurft hefði að vera. Aðeins að nokkru leyti hefir verið haldið áfram af hinni stórkostlegu tilraun Forngríkkja til skilnings á tilverunni. En af því, að framhaldið hefir ekki verið fullkomnara, leiðir, að mannkynið er ennþá á villigötum, og hefir t. d. ekki náð því yfirliti yfir tilveruna, sem nægja mundi til þess að styrjaldir legðust niður.

3. *Snorri Sturluson og Þorkell rostungur.*

I

Svo segir í Sturlungu (II., 20. kap.): „Þá er Snorri Sturluson bjó at Borg, kom skip í Hvítá, Orkneyjafar, ok var stýrimaðr. Þorkell rostungur. Hann fór til Borgar um vetr-

inn ok lagðisk lítt á með þeim Snorra. Lét Snorri taka mjöl fyrir honum um vetrinn ok lésk sjálfr vilja ráða lagi á en Þorkell vildi ráða hve dýrt hann seldi varning sinn. Voru mjölin tekin úr útibúri, en Þorkell stóð hjá ok lét sem hann vissi eigi.“ „En um sumarit er Orkneyingar voru búnir til hafs, vann Þorkell á Guðmundi djákn (heimamanni Snorra) ok særði hann til ólífis.“ Snorri vildi hefna, en þeir Þorkell komast burt, án þess hefndinni yrði fram komið. „Þeir Þorkell urðu afturreka um haustit á Eyrar. Reið Þorkell þá frá skipi austr í Odda ok hét á Sæmund til viðtöku ok tók hann við Þorkatli ok mest fyrir vináttu sakir við Bjarna biskup föðurbróður hans.“

II

Þess er getið löngu síðar, að Sæmundur Jónsson í Odda átti sverð er hann nefndi Rostung, og hafði mjög miklar mætur á. Liggur mjög nærri að giska á, að það sverð hafi Þorkell rostungur átt áður, en gefið Sæmundi sér til bjargar, og hafi það e. t. v. meiru um ráðið, en vináttan við Bjarna biskup, að Sæmundur tókst á hendur það sem hann vissi að Snorra fósturbróður hans mundi vera mjög á móti skapi. Menn höfðu á Íslandi mjög mikla ágirnd á góðum sverðum, og má nefna til dæmis, hvernig jafnvel heiðursmaðurinn Ingimundur gamli horfði ekki í að beita miður drengilegri aðferð til að ná góðu sverði Hrafns víkings, sem var vetur-tökumaður hans.

Aðalvopn Íslendinga munu, a. m. k. þegar nokkuð leið frá landnámstíð, hafa verið spjót og axir, og mun auðveldara hafa verið hér á landi að smíða þau vopn en góð sverð.

4. Líftaugin.

Vér erum á helvegi hér á jörðu, leiðinni til heljar, dauðinn framundan, fyrr eða síðar. Og ef vér lifum til elli, þá er langmest ævin afturför. Oss finnst það undarlegt, að svo skuli vera, og ekki gott. Og oss finnst þetta réttilega, því að svona